

Um íðorðið *íðorð*

Höfundur þessa pistils hefur verið formaður Orðanefndar Skýrslutækni-
félags Íslands frá árinu 1978 og því brasað við íðorð frá þeim tíma.
Nefndin hafði það á stefnuskrá sinni að stuðla að því að Íslendingar gætu
talað og skrifað um tölvu- og upplýsingatækni á íslensku. Starf nefndar-
innar fólst í fyrstu aðallega í því að finna íslensk heiti yfir allt sem tengdist
þessari tækni. Mig minnir að mönnum hafi verið tamast á þessum tíma að
tala um **nýyrði**. Nokkrum árum seinna fór ég að kynna mér fræðigrein sem
á skandinavískum málum kallaðist *terminologi*. Þar er gerður skýr greinar-
munur á **nýyrðum** (d. *neologisme*) og því sem á erlendum málum er kallað
term. Það er þannig að ekki eru öll *term nýyrði* og **nýyrði** er ekki endilega
term. Í fyrstu var reynt að nota **fræðiorð** um *term* en það er of þröngt. Slík
orð eru notuð víðar en aðeins í fræðigreinum. Orðið **fagorð** (d. *fagterm*) er
líka of þröngt þar sem það á eingöngu við orð sem eru notuð í tilteknu fagi.

Ég þurfti að skrifa um þessa fræðigrein á íslensku upp úr 1980 og var
í vandræðum með heppilegt heiti fyrir *term*. En þá kom upp í hendurnar á
mér lítið brúnt kver sem ber heitið ÍÐORÐASAFN FRÁ ORÐANEFND
VERKFRÆÐINGAFJELAGSINS. Þetta kver var gefið út árið 1928 og er
sagt sérprent úr *Tímariti V.F.Í* (Tímariti Verkfræðingafélags Íslands). Í
þessu kveri eru íðorð um VJELAR og SKIP á íslensku, ensku, þýsku og
dönsku. Ég lagði því til við þá sem ég ræddi mest við um þessi fræði (þá
Baldur Jónsson og Sigurð Jónsson frá Arnarvatni) að við tækjum þetta
heiti upp. Það varð úr og nú vita mjög margir hvað íðorð og íðorðafræði er.

Í bókinni *Mályrkja Guðmundar Finnbogasonar* (Baldur Jónsson 1976:
48) segir Baldur Jónsson frá grein Steingrims Jónssonar rafmagnsstjóra,
Um nýyrði í tæknimáli, sem birtist í *Skírni* 1962 (bls. 45–65). Steingrímur
var ráðunautur Orðanefndar Verkfræðingafélagsins og segir í greininni frá
starfi sínu með nefndarmönnum. Í nefndinni voru frá upphafi prófessor-
arnir Guðmundur Finnbogason og Sigurður Nordal ásamt Geir G. Zoëga
vegamálastjóra af hálfu verkfræðinga en hann virðist ekki hafa starfað með
nefndinni. Steingrímur segir þar frá því að prentaðar hafi verið tvær orða-
skrár í *Tímariti V.F.Í* sem voru afrakstur af starfi nefndarinnar og hann
síðan tekið saman. Sú fyrri er „Ný og gömul heiti úr vjelfræðinni, með
þýðingum á ensku, þýsku og dönsku“ (*Tímarit V.F.Í* 1925, bls. 12, 18–20
og 28). Sú seinni nefnist „Ný og gömul heiti úr sjómannafræðinni, með
þýðingum á ensku, þýsku og dönsku“ (*Tímarit V.F.Í* 1925, bls. 36–37, 46
og 55–56). Þessum skráum var síðan steipt saman í eitt safn, sem gefið var
út í sérstöku hefti og nefndist *Íðorðasafn* (Reykjavík, 1928). Baldur hefur
eftir Steingrími að Guðmundur Finnbogason hafi ráðið nafninu *íðorð* um

hin tæknilegu heiti. En þarna er þá komið litla kverið sem hafði borist mér í hendur á réttum tíma.

Líklegt er að Guðmundur hafi haft orðið *íð* í huga þegar hann bjó til orðið *íðorð*. Samkvæmt *Íslenskri orðabók* (3. útgáfa) merkir *íð* „verk, iðn, starf“. En orðabókin segir að orðið sé úr skáldamáli. Það getur verið að Guðmundur hafi verið að finna heiti fyrir danska orðið *fagord* frekar en *term*. Í nýyrðaskrá aftast í Málrykjunni segir Baldur reyndar að **íðorð** sé þýðing á *fagord*. En orðið er gott og þjónar sínum tilgangi og það er auðvelt að mynda af því samsetningar, t.d. *íðorðasafn*, *íðorðaskrá* og *íðorðasafn*. Í grein sinni *Orðasmíð Guðmundar Finnbogasonar* (Baldur Jónsson 1997), sem var fyrst flutt sem útvarpserindi (21. apríl 1996) og byggist á Málrykjunni, segir Baldur þó að orðið *íðorð* komi í staðinn fyrir erlenda heitið *term*.

Til gamans leitaði ég í *Ritmálsskrá Orðabókar Háskólans* að orðinu *íðorð*. Elsta dæmið sem ég fann var úr *Tímariti Máls og menningar* frá árinu 1946 og þar kom einnig fyrir orðið *íðorðakafl*. Einnig fannst orðið *íðorðasafn* í *Tímariti V.F.Í.* frá árinu 1929. Í fundargerð frá 129. fundi V.F.Í. 20. febrúar 1929 segir: „Íðorðasafnið var gefið út á árinu og fjallar það um siglinga og vjelamálið.“ Þetta er sem sagt litla brúna kverið.

En hvað voru menn að skrifa um *íðorð* í *Tímarit Máls og menningar* árið 1946? Þar er umsögnin *Léleg vinnubrögð* eftir Guðna Guðjónsson um bókina *Íslenskar jurtir* (Áskell Löve 1945). Höfundur umsagnarinnar virðist mjög hneykslaður á ýmsu í bókinni og einnig því að höfundur skuli nota orðið **íðorð** um **fræðiorð**. Sérstakur kafli í umsögninni, sem höfundur kallar „Fræðiorðin“, hefst á þessari setningu: „Höf. kallar þau *íðorð*!“ Höfundur umsagnarinnar fer svo háðulegum orðum um notkun Áskels á fræðiorðunum sem að hans sögn fara í bága við „íðorðakaflann“. En Áskell hefur samt haldið sínu striki. Ég fann í bókaskápnum mínum bókina *Íslensk ferðaflóra* (Áskell Löve 1970) og þar notar höfundur áfram orðið **íðorð** um fræðiorðin.

Ég leitaði einnig á vefsvæðinu www.timarit.is þar sem er að finna ljóslesnar síður úr blöðum og tímaritum. Þar finnst orðið **íðorðasafn** í blaðinu *Lögrjetta* (21. mars 1928, bls. 3) og er þar fjallað um fyrrnefnt kver verkfræðinga. Elsta dæmið um orðið **íðorð** er úr *Lesbók Morgunblaðsins* (1. maí 1938, bls. 130). Orðið kemur fyrir í greininni „Forfeður mannkynsins“ sem er undirritað af „Homo sapiens“. Ekki er alveg ljóst að orðið sé notað í þeirri merkingu sem við þekkjum það núna, í textanum stendur: „Betlehemsmaðurinn, en tinnuáhöld hans fundust fyrir nokkrum árum innan um bein af Rhinoceros og dverghestum og öðrum útdauðum dýrum, var uppi á svipuðum tíma, á fyrri hluta tertier eða síðasta hluta kvarter, á flóðheststímanum, eins og annað **íðorð** segir“. En „Homo sapiens“ hefur greinilega þekkt orðið. **Íðorð** finnst einnig í Þjóðviljanum (12. desember 1945, bls. 4) í ritfregn um fyrrgreinda bók Áskels Löve,

Íslenskar jurtir. Í sama blaði (15. desember 1954, bls. 7) finnst **íðorð** í umsögn Ásgeirs Bl. Magnússonar um bókina *Forn og ný vandamál* eftir Brynjólf Bjarnason. Ásgeir segir þar um „hughyggjuna“: „Hún hefur tekið upp fjölpætt kerfi „íðorða“, reynt að líkja eftir vísindunum í orðafari og laga sig að nýjum aðstæðum. En kjarninn er hinn sami og fyrr, þótt umbúðirnar séu aðrar“. Önnur dæmi sem ég fann um orðið **íðorð** í blöðum og tímaritum eru frá árinu 1984 og síðar.

Orðið hefur ekki komist í Blöndalsorðabók en er hins vegar að finna í viðbætinum frá 1963 og er þar þýtt með *fagord*. Í fyrstu útgáfu *Íslenskrar orðabókar* frá 1963 er orðið að finna og þar sagt vera ‚sérfræðiorð, notað í ákveðinni fræðigreini‘. Orðið er einnig í seinni útgáfum með örlítið breyttri skilgreiningu, ‚sérfræðiorð í tiltekinni fræðigreini‘. Í *Dansk-íslenskri orðabók* frá 1992 er danska orðið *term* þýtt með orðinu **íðorð**. Samkvæmt þessu hefur orðið **íðorð** ekki verið algerlega týnt frá árinu 1928 fram yfir 1980. Sumir fræðimenn hafa þekkt það og það komst inn í orðabækur upp úr miðbiki 20. aldar.

Heimildir

- Áskell Löve. 1970. *Íslensk ferðaflóra*. Almenna bókafélagið. Reykjavík.
- Baldur Jónsson. 1976. *Mályrkja Guðmundar Finnbogasonar*. Bókaútgáfa menningarsjóðs. Reykjavík.
- Baldur Jónsson. 1997. Orðasmíð Guðmundar Finnbogasonar. Í *Hugur ræður hálfri sjón*. Bls. 33–48. Ritstj. Jóhann Hauksson. Háskólaútgáfan. Reykjavík.
- Dönsk íslensk orðabók*. 1992. Ritstj. Hrefna Arnalds og Ingibjörg Johannesen. Ísafoldarprentsmiðja hf. Reykjavík.
- Guðni Guðjónsson. 1946. Léleg vinnubrögð. Í *Tímariti Máls og menningar*. Bls. 77–93. Reykjavík.
- Íðorðasafn frá Orðanefnd Verkfræðingafjelagsins*. 1928. Prentsmiðjan Acta. Reykjavík.
- Íslensk orðabók handa skólum og almenningi*. 1963. Ritstj. Árni Böðvarsson. Bókaútgáfa Menningarsjóðs. Reykjavík.
- Íslensk orðabók handa skólum og almenningi*. 1983. Önnur útgáfa, aukin og bætt. Ritstj. Árni Böðvarsson. Bókaútgáfa Menningarsjóðs. Reykjavík.
- Íslensk orðabók*. 2002. Þriðja útgáfa aukin og endurbætt. Ritstj. Mörður Árnason. Edda. Reykjavík.
- Sigfús Blöndal. *Íslensk-dönsk orðabók, viðbætur*. 1963. Ritstj. Halldór Halldórsson og Jakob Benediktsson. Íslensk-dönsk orðabókarsjóður. Reykjavík.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. *Ritmálssafn*.
http://www.arnastofnun.is/page/arnastofnun_gagnasafn_ritmal
Tímarit V.F.Í. 1929. Bls. 31. Reykjavík.